

Fundargerð 111. fundar stjórnar SSNV, 20. ágúst 2024

Þriðjudaginn 20. ágúst 2024, kom stjórn SSNV saman á Teams. Hófst fundurinn kl. 9.30. Mætt voru: Einar E. Einarsson, Álfhildur Leifsdóttir, Magnús Magnússon, Guðmundur Haukur Jakobsson, Halldór Gunnar Ólafsson og Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- Sumarfundur ríkisstjórnar Íslands
- Haustþing SSNV
- Ársreikningur Markaðsstofu Norðurlands
- Framlögð mál til kynningar
 - Fundargerðir
 - Umsagnir
- Skýrsla framkvæmdastjóra

Afgreiðslur

1. Sumarfundur ríkisstjórnar Íslands

Undirbúningur stjórnar og framkvæmdastjóra fyrir sumarfund ríkisstjórnarinnar.

Sumarfundir ríkisstjórnarinnar hafa undanfarin ár verið haldnir utan Reykjavíkur en þetta er í sjöunda sinn sem það verður gert og nú stefna þau á Norðurland vestra. Á síðasta ári fór sumarfundurinn fram á Austurlandi en áður hefur ríkisstjórnin haldið sumarfund sinn á Vestfjörðum, Snæfellsbæ, Mývatnssveit, Hellu og á Suðurnesjum.

2. Haustþing SSNV

Undirbúningsvinna fyrir haustþing SSNV sem haldið verður þriðjudaginn 15. október 2024 í félagsheimilinu á Blönduósi. Þingforseti verður Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri Skagastrandar. Dagskrá samþykkt með fyrirvara um breytingar. Boðsbréf verða send út samkvæmt venju og þingið kynnt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að taka verkefni þings áfram og undirbúa til afgreiðslu síðar.

3. Ársreikningur Markaðsstofu Norðurlands

Ársreikningur lagður fram til kynningar í samræmi við samning um rekstur Áfangastaðastofu. Stjórn gerir ekki athugasemdir.

4. Framlögð mál til kynningar

a. Fundargerðir

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 21. júní 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 13. júní 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSA, 21. júní 2024. [Fundargerðin.](#) Stjórn SSH, 1. júlí 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SASS, 28. júní 2024. [Fundargerðin.](#)

b. Umsagnir

5. Skýrsla framkvæmdastjóra

Fréttir af starfsemi og staða verkefna. Flutt munnlega.

Fleira var ekki tekið fyrir.
Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:00.

Einar E. Einarsson,
Álfhildur Leifsdóttir,
Magnús Magnússon,
Guðmundur Haukur Jakobsson,
Halldór Gunnar Ólafsson
Katrín M. Guðjónsdóttir